

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**8. fundur 2018 (83. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 24.08.2018 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – breyting vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 15.08.2018, þar sem ekki er gerð athugasemd við að aðalskipulagstillagan ásamt umhverfismati verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Mælt er með að fram komi í greinargerð hvert núverandi byggingarmagn er á reit FLE2 og hvert fyrirhugað byggingarmagn á reitnum verður.

Lögð var fram greinargerð VSÓ Ráðgjafar með aðalskipulagstillögunni, dags. 21.08.2018, þar sem brugðist er við erindi Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti að auglýsa aðalskipulagstillöguna með áorðnum breytingum.

**2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis**

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa nýtt deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis í samræmi við skipulagslög samhliða auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, sbr. lið 1. hér að framan.

Uppfæra þarf staðsetningu byrðingsstöðva (Boarding Stations). Rætt var um lóðamörk samkvæmt tillögunni og ákveðið var að breyta þeim að hluta til.

Ákveðið var að halda annan kynningarfund vegna skipulagstillögunnar.

**3. Stjórnsýslukæra vegna deiliskipulags Háaleitishlaðs**

Lagt var fram erindi Glóeyjar Finnsdóttur lögfræðings Isavia, dags.25.07.2018, til skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar varðandi stjórnsýslukæruna.

Lagt var fram bréf formanns skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 26.07.2018, til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem fram kemur afstaða skipulagsnefndarinnar til stjórnslukærunnar.

Lagður var fram tölvupóstur Ásdísar Sigríðar Ásgeirsdóttir lögfræðings Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 17.08.2018, þar sem fram kemur að vegna fyrirbyggjandi óafgreiddra mála séu úrskurðir almennt ekki kveðnir upp innan árs frá því að gögn hafi borist.

#### **4. Húsakönnun**

Lögð var fram húsakönnun fyrir Keflavíkurflugvöll og verður hún fylgiskjal með deiliskipulagi Flugstöðvarsvæðis.

Umræður urðu um hverfisvernd núverandi bygginga svæðisins og kom fram að ekki væri unnt að byggja við Flugstöðina ef upphaflegt útlit hennar væri verndað. Samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu þarf að færa Hreiðrið og Regnbogann

#### **5. Byrðingsstöðvar (Boarding Stations)**

Skipulagsfulltrúi kynnti drög að fyrirkomulagi byrðingsstöðva.

#### **6. Fundartími skipulagsnefndarinnar**

Ákveðið var að fundartími skipulagsnefndarinnar verði að jafnaði 1. eða 3. föstudagur í mánuði kl. 08:15.

#### **7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 21. september 2018 kl. 08:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)